um frumvarp til laga um seðlaútgáfurjett ríkisins.

Frá 1. hluta fjárhagsnefndar (B. K.).

Nefndin hefir ekki fylgst að um frumvarp þetta fremur en um hitt seðlafrumvarpið, og hefir hvorugt verið rætt i nefndinni á venjulegan hátt. Þess vegna verður ekki komist hjá að drepa á þetta mál í örfáum orðum.

Minsti hlutinn gat þess í ástæðunum fyrir frumvarpinu, að annaðhvort verði að stofna sjerstakan seðlabanka, og þyrfti hlutafje hans að vera minst 2 miljónir króna, eins og á stendur, eða sem svarar því, sem kostar að gulltryggja seðla hans, en taldi að vandkvæði gætu orðið á því að safna svo miklu veltufje innanlands. Er þá ekki nema ein leið eftir, eða sú, sem frumvarp þetta er bygt á.

Aðalkostirnir við þessa leið eru:

1. *Að* óliklegt er, að svona stofnun geti nokkurntíma orðið fyrir árásum eða traustleysi almennings, ef hún að eins fylgir lögunum, með því hún á ekki að þurfa að verða fyrir neinu tapi út af viðskiftum.
2. *Að* tryggingar þær, sem stofnunin hefir frá bönkunum, er *handveð*, sem veitir skýlausari tryggingu fyrir ógulltrygðu seðlunum en venjuleg lagaákvæði um tryggingar í seðlabankalögum, og er i engu tilliti óhagkvæmara bönkunum i framkvæmd en víxlasala þeirra til seðlabanka.
3. *Að* tæplega er hægt að væna stofnunina um, að hún hafi minni gullforða en henni ber að hafa samkvæmt lögunum, og
4. *Að* stofnunin stendur undir beinu eftirliti stjórnarráðsins og á ábyrgð þess.

Alt þetta og fleira á að geta trygt seðlum vorum fult gildi.

En þessar kringumstæður valda því, að óhætt má telja, að áhættulaust sje að *byrja* að reka stofnunina með 30 % gullmynt, auk trygginganna frá bönkunum; er það sama gulltrygging og sett er fyrir seðlum Þjóðbankans danska.

Búast má og við, að stofnuninni hafi bæst nokkur aukinn gullforði, er sá tími kemur, að seðlarnir verða gerðir innleysanlegir.

Ef seðlaútgáfan er sjerstök, óháð bönkunum, má telja hana miklu tryggari seðlastofnun en bankana, sem telja má, að jafnan standi í glerhúsi, sem almenningsálitið getur kastað steinum að, eins og reynslan hefir sýnt, og það oft að ástæðulausu, en sem getur valdið því, að seðlarnir missi traustið og falli í verði. Og þetta hefir reynslan áður sýnt i öllum löndum á meðan menn voru að læra að skapa trygt seðlabankafyrirkomulag.

Vel getur verið, að það þyki ekki nægilega trygt í augum fjármálamanna erlendis að láta landsstjórnina kveða á um seðlamagnið á hverjum

tíma, því oft geti komið fyrir, að stjórnin sjálf sje lánþurfi, sem geti leitt af sjer of mikla seðlaútgáfu. Og er sú skoðun ekki ástæðulaus. En tæplega mundi taka betra við, þó Alþingi yrði látið ákveða þetta, þar sem það skortir svo mjög fjármálafróða menn, sem þing erlendis hafa gnægð af. Þar er og miklu fremur tekið tillit til sjerþekkingar í slíkum og öðrum málum en hjer.

Hugsanlegt væri að láta t. d. 7—9 manna nefnd, valda af sameinuðu Alþingi, kveða á um seðlamagnið eftir hendinni, að fengnum tillögum forstöðumanns seðlaútgáfu ríkisins.

Minsti hlutinn hefir leyft sjer að bera fram nokkrar breytingartillögur við frumvarpið, á þskj. 336, til leiðrjettingar á frumvarpinu, sem ætlast er til, að fylgi því til stjórnarinnar.

Leggur svo þessi nefndarhluti til, að málinu sje vísað til stjórnarinnar samkvæmt ósk hennar.

Alþingi, 11. apríl 1924.

Björn Kristjánsson,